

Hestamannafélagið Sprettur

06. fundur, haldin þriðjudaginn 30.04.2013 kl. 18:00 í Glaðheimum.

Mættir voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson formaður, Guðmundur Hagalínsson gjaldkeri, Þorvaldur Sigurðsson varaformaður, Hermann Vilmundarson ritari, Brynja Viðarsdóttir meðstjórnandi, Hannes Hjartason meðstjórnandi og Ingibjörg G. Geirsdóttir meðstjórnandi .

1. Reiðskólinn. Sveinbjörn greindi frá því að Sprettur væri komin með hönd á land undir reiðskólahesta á Rjúpnahæðinni. IGG greindi frá því að hún hefði aldrei boðið félagsheimili Andvara til leigu fyrir Topphesta. SS og HV ganga frá samningum við Víkinghesta vegna reiðskóla á vegum hmf Sprettis á Kjóavallasvæði í sumar. SS ræðir við Garðabæ varðandi Topphesta vegna reiðskóla á Kjóavallasvæði í sumar. SS gera samnig við Víkinghesta og Topphesta vegna leigu á föstum tímum í reiðhöll og gerir samning við Topphesta vegna leigu á félagsheimili.
2. Grjóttínsla og sáning í manir um völl. SS kominn í samband við umhvefnisnefnd Gbæ varðandi grjóttínslu og fleiri viðvik varðandi framkvæmdir á vallarsvæði. Vinnuskóli Gbæ fær leyfi til þess að beina kröftum sínum að svæðinu.
3. Reiðvegur utan mana Halldór Halldórsson í reiðveganefnd skoðar málið með tilliti til styrkja
4. Gámar af Andvarasvæði og hugsanleg kaup á wc gámi. HV og SS ganga í málið annaðhvort með því að leigja gám af Gbæ eða kaupa gám.
5. Lógó ÞS leggur til að fá óvilhallan fagmann til þess að velja Lógó. ÞS falið á ná í einn slíkan og draga á næsta stjórnarfund.
6. Merkingar á reiðvegum GH lagði fram erindi frá reiðveganefnd varðandi merkingar á reiðvegum í landhelgi Kjóavalla. Lagt til að reyna að fá sveitarfélögin til að kosta framleiðslu á merkjum GH verður í nánú sambandi við reiðveganefnd Sprettis til þess að ljúka málinu.
7. Firmadagur stjórn Sprettis lýsir mikilli ánægju með störf firma- og mótanefndar varðandi söfnun styrkja og framkvæmd firmadags.

8. Fjármál nokkurnvegin á áætlun þó lítur út fyrir að vallargerð fari nokku fram úr áætlun. Fyrir liggur tilboð frá JÁ-verk í hönnun á burðarþoli fyrir áhorefendapalla í reiðhöll. Samþykkt að taka þeirra tilboði.

9. Umgegni á Kjóavallasvæði. Umhvefisdagur lukkaðist vel. En þó má gera betur. Einstakir lóðahafar hafa ekki uppfyllt kröfur sveitafélaganna varðandi umgengni á sínum lóðum og hvetur stjórn hmf. Spretts sveitafélögin til þess að fylgja eftir skipulagsskilmálum.